

Opinber stefna

Landvarðafélags Íslands 2022-2024



Efnisyfirlit:

1. Inngangur	2
2. Hlutverk félagsins	3
3. Framtíðarsýn	4
4. Eftirfylgni	7

1. Inngangur

Landvarðafélag Íslands er sjálfstætt starfandi félag sem var stofnað árið 1976. Tilgangur félagsins er að vera hagsmunafélag landvarða og annast kjaramál. Auk þess heldur félagið viðburði sem snúa að málefnum landvarða og stuðlar að fræðslu og endurmenntun landvarða. Landvarðafélag leitast við að vera sýnilegt í almennri umræðum um náttúruverndarmál á Íslandi. Í núverandi stjórn sitja fimm einstaklingar og tveir varafulltrúar. Auk þess starfa 3 nefndir undir félaginu: kjara- og laganefnd, fræðslu- og skemmtinefnd og alþjóðanefnd.

2. Hlutverk félagsins

1. Annast **kjara og hagsmunamál** landvarða.
2. **Taka skýra afstöðu í náttúruverndarmálum á Íslandi** t.d. með ályktunum um málefni líðandi stundar.
3. **Stuðla að fræðslu og símenntun landvarða.** Landvarðafélagið leggur áherslu á samstarf með stofnunum og félagasamtökum við fræðslu og símenntun landvarða.
4. **Skapa vettvang sem sameinar landverði.** Þetta er m.a. gert með skemmtunum og með því að efla samstarf við önnur félagasamtök.
5. Taka þátt í **alþjóðasamstarfi landvarða** og styrkja landverði til að vera rödd íslenskrar landvörslu á erlendum vettvangi.
6. **Kynna stefnu og starfsemi félagsins** ásamt því að **kynna starf landvarða** út á við.

3. Framtíðarsýn

1. Kjara og hagsmunamál

- a. Allir landverðir njóti sömu kjara.
- b. Allir landverðir hafi sömu réttindi óháð þjóðerni, trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu.
- c. Kjör landvarða verði bætt með áherslu á aðbúnað, frítíma og laun.
- d. Sami stofnanasamningur gildi fyrir allar stofnanir sem annast landvörslu á Íslandi.
- e. Að stofnanasamningar séu endurnýjaðir tímanlega.
- f. Aukið starfsöryggi.
- g. Fleiri heilsársstöður.
- h. Jafnara vinnuálag.
- i. Fjöldi stöðugilda landvarða verði í takt við metna þörf.
- j. Að kynna félagsmönnum leiðir til að leita réttar síns.
- k. Að ráðningarferli séu gagnsæ.
- l. Viðhalda reglulegum samskiptum milli landvarðafélagsins og stofnana sem landverðir starfa hjá.
- m. Að reglugerð nr. 190/2019, *reglugerð um landverði* sé framfylgt.

2. Skýr afstaða í náttúruverndarmálum

- a. Taka virkan þátt í upplýstri umræðu um náttúruverndarmál.
- b. Að svara erindum sem beint er til félagsins og vinna greinargerðir um

mál sem varða náttúruvernd.

- c. Vera andlit landvarðafélagsins á viðburðum er varða náttúruverndarmál.

3. Fræðsla og símenntun landvarða

- a. Hvetja Umhverfisstofnun til þess að fylgja 3. gr. reglugerðar um landverði sem varðar endurmenntun.
- b. Hvetja stofnanir sem annast landvörslu til aukinnar fræðslu og símenntunar sinna starfsmanna.
- c. Stuðla að vaxandi fagmennsku í greininni.
- d. Halda námskeið og málþing um málefni sem varða landvörslu.

4. Sameiginlegur vettvangur landvarða

- a. Halda utan um skemmtanir fyrir landverði.
- b. Efla samstarf við önnur félagasamtök.
- c. Búa til tækifæri til að styrkja og efla tengslanet landvarða.
- d. Að félagsstarf höfði til breiðs hóps félagsmanna.

5. Alþjóðasamstarf

- a. Vera rödd íslenskrar landvörslu á erlendum vettvangi.
- b. Veita ferðastyrki.
- c. Stuðla að alþjóðlegum samstarfsvettvangi landvarða.

6. Kynna félagið og starf landvarða

- a. Skapa góða ímynd félagsins út á við.
- b. Kynna mikilvægi landvarða á sviði náttúruverndar.
- c. Tala fyrir sjálfbærni í ferðaþjónustu.
- d. Að kynna landvörðum kosti þess að vera í félaginu.
- e. Miðla verkefnum og starfi stjórnarinnar.
- f. Að kynna landvarðafélagið og landvörslu fyrir verðandi landvörðum.

4. Eftirfylgni

Ný stjórn skal gera aðgerðaráætlun árlega út frá stefnu félagsins. Stefnan skal vera endurskoðuð á tveggja ára fresti.